

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um vinnutíma, tekjur og framfærslu fanga.

Frá Álfheiði Eymarsdóttur.

1. Hver er meðalfjöldi vinnutíma íslenskra fanga í viku hverri? Svar óskast sundurliðað eftir fangelsum.
2. Hversu stór hluti fanga er í fullri vinnu þar sem unnið er átta tíma á dag alla virka daga? Svar óskast sundurliðað eftir fangelsum.
3. Hverjar eru meðaltekjur fanga í íslenskum afplánunarfangelsum á mánuði, sundurliðað eftir fangelsum og því hvort um er að ræða þóknun fyrir vinnu eða nám, dagpeninga eða fæðisfé?
4. Telur ráðherra að þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í reglugerð um þóknun fyrir vinnu og nám og dagpeninga til fanga, nr. 162/2017, séu nægjanlegar til þess að tryggja að fangi eigi fyrir brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu eins og segir í 1. mgr. 27. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016?
5. Telur ráðherra að fangelsismálayfirvöld og stjórnvöld uppfylli skyldur sínar varðandi framfærslu fanga og að meðferð þeirra sé í samræmi við lög, reglur og alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að?

Skriflegt svar óskast.